

Samrunaáætlun
skv. 105. sbr. 95. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög

Yfirtökuaðili: Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579
Yfirtekið félag: GN eignir ehf., kt. 560709-0560

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og stjórn GN eigna ehf. hafa gert í sameiningu eftirfarandi áætlun um samruna með þeim afleiðingum að yfirtekna félaginu er slitið án skuldaskila og félagið sameinað Hafnarfjarðarkaupstað.

Sameiningin miðist við 1. janúar 2016.

Endanleg ákvörðun um samruna verður tekin af stjórn GN eigna ehf. og bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar en

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og stjórn GN eigna ehf. eru sammála um að sameina GN eignir ehf. Hafnarfjarðarkaupstað ehf. á grundvelli heimildar í 105. gr. einkahlutafélagalaga nr. 138/1994. Sameiningin skal miðast við 1. Janúar 2016, nánar tiltekið að mið er tekið af stöðu hvort aðila í árslok 2015 og sú staða sameiginlega myndar upphafsstöðu á fyrsta degi sameiningar, þ.e. 1. janúar 2016 Gert er ráð fyrir að samþykktir Hafnarfjarðarkaupstaðar muni gilda áfram óbreyttar. Við lok samrunaferilsins mun GN eignir ehf. verða afskráð.

2. gr.

Heimilisfang félagsins verður að Strandgötu 6, Hafnarfirði.

3. gr.

Þar sem samruninn fer fram á grundvelli sérstakrar heimildar í 105. gr. einkahlutafélagalaga og þar sem Hafnarfjarðarkaupstaður er eigandi 100% hlutfjár í yfirtekna félaginu verður ekki um að ræða neina afhendingu sérstaks endurgjald við samrunann til handa eiganda hins yfirtekna félags. Við samrunann renna allar eignir og skuldir hins yfirtekna félags renna til yfirtökufélagsins.

4. gr.

Engir aðilar tengdir samrunaáætlunum njóta sérstakra réttinda hjá yfirtökuaðilanum eða öðrum í tengslum við samrunann.

5. gr.

Réttindum og skyldum GN eigna ehf. skal teljast lokið 31. desember 2015 enda tekur Hafnarfjarðarkaupstaður við öllum réttindum og skyldum yfirtekna félagsins frá og með 1. janúar 2016.

6. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti tillögu um að félagið GN eignir ehf. verði lagt niður og látið renna inn í eignasjóð A-hluta á fundi bæjarstjórnar þann 27. apríl 2016. Samrunaáætlun þessi og þau skjöl sem nauðsynlegt er að liggja fyrir vegna samruna eru unnin á grundvelli framangreindrar samþykktar.

7. gr.




Til staðfestu samrunaáætlun þessari undirrita hana bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar og stjórn GN eigna ehf., sem einnig samþykktu að fela PricewaterhouseCoopers ehf. öll samskipti við hlutafélagaskrá út af samrunanum.

Hafnarfirði, 15. júní 2016

Bæjarstjóri Hafnarfjarðarkaupstaðar:




Stjórn GN eigna ehf.:




(kt. 030475-2919)
UB
26/07/16